

Pétur Björgvin Þorsteinsson / 22.júní 2008

Bókarkynning: Religious diversity and intercultural education: a reference book for schoolsⁱ



<http://pb.is>

Fyrir réttum sex árum setti Evrópuráðiðⁱⁱ á fót nýtt verkefni varðandi trúarlegu víddina í fjölmenningsarsamfélaginu. Verkefninu var stýrt af nefndⁱⁱⁱ sem hafði það hlutverk að skoða þær nýju áskoranir í fjölmenningsarkennslu sem tengdust trúarlegum fjölbreytileika og þvertrúarlegu samtali. Verkefninu var ætlað að:

...raise the awareness of decision-makers, educators and teachers about the implications of the religious dimension of intercultural education. It also seeks to draw their attention to examples of positive experiences and of new methods and approaches in intercultural education in general, in both curricular and extra-curricular activities.^{iv}

Í þessari bókarkynningu er gefið innlit í þrjá fyrstu kafla bókar sem kom út á síðasta ári hjá Evrópuráðinu og hefur að geyma afrakstur vinnu nefndarinnar. Hvatinn á bak við þessa kynningu er sú sannfæring undirritaðs að bókin sé mjög mikilvægt innlegg í umræðuna um trúarbragðafræðslu í Evrópu og á Íslandi. Því miður virðast fá eintök bókarinnar vera aðgengileg á Íslandi, en Bókasafn Háskólans á Bifröst á eitt eintak til útláns. Í neðanmálstexta í lok greinarinnar er einnig að finna hlekk á pdf-skjal sem hefur að geyma handrit bókarinnar.

Bókin skiptist í fjóra meginhluta. Í fyrsta hluta bókarinnar eru lagður fræðilegur grunnur umræðunnar um trúarlegu víddina í fjölmenningsarlegu námi. Hluti tvö snýr að þeim forsendum sem þurfa að vera til staðar í menntakerfinu og hvaða aðferðafræði þyki heppilegust. Þriðja hlutanum er ætlað að kynna til leiks heildræna nálgun viðfangsefnisins þar sem skólinn, fjölmenningsarlegt nám og þá sér í lagi trúarleg vídd þess náms eru sett í sviðsljósið. Í fjórða hluta má svo lesa um nokkur dæmi úr skólastarfi þar sem unnið er með hina trúarlegu vídd fjölmenningsarinnar.

Hér er á ferðinni bók sem er holl lesning hverjum þeim sem vilja láta sig fjölmenningsarlega kennslu varða og væri óskandi að hún mætti nýtast sem innlegg í umræðunni hér á landi.

Þessi kynning skiptist sem hér segir:

| | |
|---|----|
| Bókarkynning: Religious diversity and intercultural education: a reference book for schools | 1 |
| Inngangsorð bókarinnar | 3 |
| Fyrsti hluti, fyrsti kafli | 5 |
| 1. Trúarbrögð sem menningarlegt fyrirbæri | 5 |
| 2. Siðferði, trúarleg og heimspekileg lífsviðhorf utan einkalífsins | 6 |
| 3. Fjöltrúarlegur veruleiki í skólum | 7 |
| 4. Þegnarnir, mannréttindin og hinn fjöltrúarlegi veruleiki | 8 |
| 5. Markmið hinnar trúarlegu víddar fjölmeningarnáms | 9 |
| 5.1. Umburðarlyndi | 9 |
| 5.2. Gagnkvæmni | 10 |
| 5.3. Samborgaraleg viðhorf | 11 |
| 6. Hin trúarlega vídd og fjölhyggjusamfélagið | 11 |
| Fyrsti hluti, annar kafli | 12 |
| 1. Margbreytileiki | 12 |
| 2. Margbreytileiki og fjölhyggja | 13 |
| 3. Staðalmyndir | 14 |
| 4. Trúarbrögð | 14 |
| 5. Menning í eintölu og fleirtölu | 15 |
| 6. Orðræða menningar | 16 |
| 7. Fjölmeningarleg samfélög | 16 |
| 8. Þjóðerni (e. Ethnicity) | 17 |
| 9. Þjóðríkið og þjóðernið (e. nationality) | 17 |
| 10. Kynþáttur og kynþáttahyggja | 18 |
| 11. Baráttan gegn kynþáttahyggjunni, fjölmeningarsamfélagið og þvermenningarleg menntun | 18 |
| Lokaorð | 19 |

Inngangsorð bókarinnar

Dr. César Bîrzea forstöðumaður rannsóknarstofnunnar í menntunarfræðum í Búkarest ritar fyrsta kafla bókarinnar og nefnist hann *The education policy perspective* en þar greinir hann m.a. frá því að nefndin sem hér er vitnað í að ofan eigi m.a. rætur sínar í atburðunum 11. september. Þáverandi aðalritari Evrópuráðsins, Walter Schimmer hafði frumkvæði að því að aukin áhersla yrði lögð á umræðu um og rannsóknir á hinu fjöltrúarlega umhverfi sem að hans mati myndu í framhaldi atburðanna fá aukið vægi í stjórnámálum, menntámálum og samfélagi fólks um allan heim. (Bl. 11.) Mikilvægt væri að auka þátt náms í fjölmeningarfærni um gervalla Evrópu. Án slíks framtaks myndu samfélög og þjóðir Evrópu verða enn frekar aðskilin en þegar væri reyndin. Og Bîrzea setur fram eftirfarandi skilgreiningu á verkefninu:

The project develops a new dimension on intercultural education in Europe by addressing the religious diversity inherent to our multicultural societies, schools included, from the human rights and intercultural learning perspective. Its purpose is not so much to examine religious education and the role it plays in official curricula but to construct an approach to intercultural learning that promotes dialogue, mutual understanding and living together. Such an approach differs from the monoreligious and monocultural approach still to be found in many European curricula. Indeed, it could be argued not that we have too much religious education but that we have too little or none at all. Our major concern is that we tend to ignore or marginalise some important values in giving priority to knowledge and short-term results, instead of focusing on what education is really for and on individual and social development. (Bl. 11.)

Minnt er á að trúarleg og siðferðileg gildi séu svið sem geymi viðkvæm mál sem feli í sér heimsmyndir fólks. Slík gildi sé ekki hægt að nálgast í gegnum þröngt sjónarhorn námskrágerðar eingöngu, né sé mögulegt að miðla þeim einhliða sem þekkingu:

They must be developed gradually, with pupils becoming aware of and acquiring such values individually and to lasting effect. In other words, acquisition of religious and moral values must be the outcome of real individual experience and skill. Similarly, the development of religious and moral convictions must be consistent with democratic values as a whole, namely respect for human rights, pluralism and the rule of law. (Bl. 11-12.)

Að þessu sögðu bendir Bîrzea á að við gerð bókarinnar hafi verið stuðst við þrjár meginstoðir:

- religion is an important cultural fact (similar to other identity sources such as languages, history or cultural heritage);

- beliefs about the world and values must be developed gradually, based on real personal and social learning experiences;
- an integrated approach to spiritual, religious, moral and civic values must be encouraged. (Bl. 12.)

Og Birzea bætir við að fjölmenningslegt nám sé skoðað frá þremur hliðum í bókinni, þ.e. í fyrsta lagi þeirri hlið sem snýr að stefnumörkun á sviði stjórnmalanna, í öðru lagi þeirri hlið sem snýr að stofnunum og þá aðkomu lýðræðislegra stjórnvalda og nemenda, námsumhverfi og þátttökumöguleikum og í þriðja lagi þeirri nálgun og þeim aðferðum sem beitt er við kennslu.

Hvað fyrstu hliðina varðar bendir Birzea á nýlegar samþykktir:

- [Samþykkt evrópskra menntamálaráðherra um fjölmenningslegt nám frá 2003.](#)
- [Wroclaw yfirlýsinguna um nýjar aðstæður menningarlegs samstarfs í Evrópu frá 2004.](#)
- [Aðgerðaáætlun þriðja leiðtogafundarins um fjölmenningslegt samtal og fjöltrúarlegar aðstæður.](#)

Og Birzea tekur fram að þessari bók sé ætlað að hjálpa stjórnmalamönnum, kennurum, þjálfurum og öðrum sem koma að menntun fólks til þess að yfirfæra þessar ákvarðanir og samþykktir yfir í hinn hversdagslega veruleika námsumhverfisins. Slíkt feli í sér eflingu fjölmenningslegs náms sem stuðli að:

- **Næmni** á fjölbreytileika menningarlegs- og trúarlegs bakgrunns fólks.
- **Getu** til að hafa samskipti við aðra og að taka þátt í samræðum (e. dialogue).
- **Færni** sem hjálpi nemandanum að læra enn frekar að vera í samfélagi við aðra. Slík færni feli í sér að nemandinn geti unnið í hóp, verið í samvinnu, tekið þátt í samræðum með hluttekningu, leyst deilur á friðsamlegan hátt og þroskað eigið sjálfstraust.
- **Hæfileika** til að kynna sér trú, venjur, tákni og helgisiði og takast á við hvert það viðkvæma málefni sem til umræðu sé hverju sinni.
- **Gagnrýnni hugsun og sjálfstæðu mati.**

Fyrsti hluti, fyrsti kafli

[Micheline Milot](#) prófessor við háskólann í Québec í Montréal ritar fræðilegan inngang að bókinni en hún telur að hnattvæðingin leiði af sér þá kröfu á hendur menntunar að hún axli þá ábyrgð sem nauðsynleg er svo móta megi þegna sem eru hæfir til að búa saman í friði. **Ef hin trúarlega vídd (e. religious dimension) fái notið sín innan hins fjölmennningarlega náms verði slíkt nám mikilvægt framlag til friðar, þjálfunar í opnu hugarfari gagnvart öðrum menningarheimum, umburðarlyndis og viðurkenningu á mannréttindum í Evrópu.** Og hún bætir við að munur milli trúarlegra viðhorfa séu sem fyrr allt of oft uppspretta spennu, deilna og mismununar. Að þessu sögðu spyr Milot hvað skilja megi undir hinni trúarlegu vídd á fjölmennningarlegu námi og segir:

In this section we shall clarify a number of fundamental considerations relating to the religious dimension and define some basic concepts. First we highlight a number of features of religion as a cultural phenomenon in our modern-day world. Then we ask in what form moral and religious convictions are to be found in the public sphere and at school, and how we can consider the religious dimension of intercultural education to help develop informed and peace-loving citizens who are open to intercultural dialogue. Finally we consider whether paying due attention to the religious dimension of intercultural education is compatible with a secular model of contemporary societies (with growing secularisation in some). (Bls. 19.)

Og Milot bendir á að mikilvægt sé að taka þessa umræðu upp í hverju því þjóðfélagi sem vilji teljast lýðræðislegt.

1. Trúarbrögð sem menningarlegt fyrirbæri

Milot minnir á það afhelgunarferli sem evrópsk samfélög hafi gengið í gegnum þar sem bæði félagsleg og pólitísk staða kristinna kirkna hefði minnkað til muna. Hið yfirnáttúrulega sé ekki lengur viðmiðið þegar kemur að stjórnmalaskipan en eftir sem áður sé enn víða í samfélögum og innan margra hópa að finna ýmiskonar trúarlegar tengingar. Semsagt meirihlutakirkjurnar séu ekki lengur alsráðandi í samfélögunum en enginn opinber vettvangur sé þó án trúarlegrar skírskotunar (e. no public sphere is exempt from religion). Því sé hægt að tala um trúarbrögð sem menningarlegt fyrirbæri.

Milot rekur stuttlega stöðu trúarbragða og telur að á sama tíma og hinir hefðbundnu trúarhópar missi virka þátttakendur séu enn margir sem telji sig tilheyra ákveðnum, hefðbundnum trúarbrögðum auk þess sem ýmsir nýtrúarhópar séu á uppleið og nýbúar komi með meiri fjölbreytni með sér inn á trúarbragðamarkaðinn. Á mörgum stöðum verði ljóst að eftir sem áður sé það ekki auðvelt þegar trúarbrögð mætast enda setji hópar sem standi í deildum oft trúarbragðastimpil á sjálfa sig eða andstæðinga sína. Og Milot sér tvö samhliða ferli:

on the one hand, individuals feel free to nurture a personal spirituality and subscribe to religious doctrines or take part in ritual practices without developing a sense of belonging to a particular group or faith; on the other, new religious movements attract a number of people seeking meaning or fellowship outside traditional forms of religion. Accordingly, what has been termed a “religious revival” is more an ongoing process of adaptation and acculturation of the ways in which human experience is imbued with a sacred dimension. **In consequence, the very definition of religion goes far beyond a concept based on the great faiths.** (Bls. 20, leturbr. þbb)

Og Milot sér menningarheimana gegnsýrða af ýmsu sem á sér ýmist rætur í trúarbrögðum eða hefur (jafnvel sterkar) trúarlegar skírskotanir eða tengingar. Hún nefnir m.a.:

- Kröfur byggðar á eigin sjálfsmynd.
- Sérkenni trúarbragða gerð sýnileg á opinberum vettvangi.
- Opinber afstaða gegn pólitískum og siðferðislegum málefnum samtímans
- Deilur um viðmið og lýðræðisleg gildi eins og t.d. stöðu kynjanna út frá hugmyndum um samviskufrelsi og trúarbrögð.
- Réttmæti eigin fullvissu, gilda og heimssýnar oft fylgt út í æsar þannig að illvinnanlegt er að ná sáttum aftur.

Og hún líkur þessum hluta með að minna á að ljóst sé að þó svo að hið andlega sé ekki eins ríkjandi vald í ákvarðanatöku hins opinbera, sé máttur þess enn mikill meðal einstaklinganna.

2. Siðferði, trúarleg og heimspekileg lífsviðhorf utan einkalífsins

Milot hefur þennan hluta á þeirri fullyrðingu að fyrst og fremst tveir þættir hafi drifið afhelgunina áfram á síðustu áratugum. Annars vegar upplausnin í pólitískum áhrifum hefðbundinna trúarbragða og hins vegar það hversu verulega hafi dregið úr áhrifum hins

trúarlega í samfélaginu. Trúarbrögðin hafi lifað þessar breytingar af en hneigist til að draga sig inn í einkalífið. Og Milot bætir við:

Theories of secularisation have often led to a simplistic interpretation of the place of religion in modern societies, equating the decline in traditional institutions with the “end of religion”. Nonetheless, the modernist premise, coming from the Enlightenment, of the incompatibility between the irrational nature of religion and scientific rationality which supposedly governs modern societies has had to be re-evaluated in order to take account of the many forms of religious practice which continue to operate in society. In certain cases, religion can even become a vehicle for criticism of modern-day life, particularly, some of its shortcomings: excessive individualism and its impact on the sense of community, the lack of meaning, de-culturation brought about by globalisation and the erosion of the moral foundation of our societies. (Bls. 21.)

Milot segir reynsluna sýna að félagsleg samstaða eigi litla þróunarmöguleika ef valdbeitingin ein og sér fái að vera ráðandi í samfélaginu eða ef ætlast er til þess af einstaklingunum að þeir geti einfaldlega tekið það upp hjá sjálfum sér að standa fyrir friðsamlegum samskiptum gagnvart þeim sem hafa aðra lífssýn en þeir sjálfir. Umburðarlyndi og skilningur séu hæfileikar sem fólk þurfi að læra. Ríki hljóti því að hafa áhuga á að mennta unga fólk sitt sem flest komi til með að þurfa að lifa saman í ákveðnu pólitísku samhengi með (eða þrátt fyrir) mismunandi lífsskoðanir og heimssýn. Í þessu samhengi þurfi að taka hina trúarlegu vídd inn í fjölmenningslegt nám.

3. Fjölrúarlegur veruleiki í skólum

Skólinn sé það svæði í félagslegum veruleika hvers einstaklings þar sem honum mætir yfirleitt í fyrsta sinn á hverjum degi margbreytileiki gilda og heimssýna sem skapa einstaklingsbundinn sjálfsskilning fólks segir Milot og bætir við að óháð því hvort um veraldlega, kirkjudeildabundna eða trúarlega skóla sé að ræða þá gildi um þá alla að:

- there is no real homogenous group of pupils, even within the same religious tradition, since religious practices and beliefs differ from one family to another and from one individual to another;
- in modern society there are different ways of conceiving what constitutes a “good” life, and these conceptions arise from various religious and non-religious views;

- children do not leave their values and deeply felt convictions outside when they enter the classroom. Neither children nor adults can be asked to abandon a large part of their identity in order to form a relationship with others. (Bls. 22.)

Því sé ljóst telur Milot að hin trúarlega vídd fjölmenningsnáms eigi fullan rétt á sér sökum einmitt þessa fjölbreytta bakgrunnar einstaklinganna og bendir á það sem sjálfsagðan hlut að hér sé líka átt við þá sem byggja gildi sín, heimssýn og samsömun á heimspekilegum, húmanískum eða efasemdalegum (e. agnostic) sannfæringum. Í þessu ljósi sé hugtakið *hin trúarlega vídd* (e. religious dimension) ekki hugsað sem tilvísun í ákveðna aðferðafræði trúarbragðakennslu, heldur:

is aimed primarily at fostering reciprocal awareness, respect, and learning how to live together in order to promote social cohesion and civic participation by all in a democratic context, in which everyone feels accepted as an equal in terms of rights and dignity. (Bls. 22.)

Milot lýkur þessum kafla með þeim orðum að það sé von hennar og allra sem koma að gerð bókarinnar að bókin sé framlag sem leiði til frekara samtals milli allra þeirra sem komi að menntun barna um þessi mál.

4. Þegnarnir, mannréttindin og hinn fjöltrúarlegi veruleiki

Fjórða hlutann hefur Milot með þeirri fullyrðingu að sama hversu háþrúð afhelgun samfélagsins sé hljóti það á hverjum tíma að vera sér meðvitað um hina fjöltrúarlegu hlið þess. Ekki aðeins þurfi það að þróa tengsl sín við ráðandi trúfélög sem hafa um aldir mótað samfélagið heldur sé um leið hlutverk samfélagsins að gæta að réttindum minnihlutahópa. Það sé sem sagt hlutverk samfélagsins að finna veg við hæfi til að fást við þann fjölbreytta veruleika sem í samfélaginu býr og þá sérstaklega hér í ljósi skoðanna og trúfrelsis.

En Milot bendir einnig á að á sama tíma sé merkjanleg uppsveifla í öllum samfélögum hvað vitund um mannréttindi varðar. Þar eigi stór alþjóðleg samtök sérstaklega mikinn þátt, þau hafi öll lagst á eitt með að þrýsta á stjórnvöld ríkja um að tryggja réttindi íbúa. Og hér snúist umræðan og þrýstingurinn ekki bara að hinum fullorðnu, börnin verði líka að vera inni í myndinni og skoða verði hvert framlag fjölmenningsnáms geti verið:

A key dimension of education is a child's right to be fully prepared for life as a citizen within a democratic and pluralist society. Citizens, however, must "live together" despite their moral and religious differences. Education should focus on developing abilities and attitudes which, in a manner of speaking, are the tools needed for the full exercise of citizenship. States need to encourage greater intercultural understanding and tolerance. (Bls. 24.)

5. Markmið hinnar trúarlegu víddar fjölmenningsnáms

Höfundar bókarinnar telja að það séu þrjú meginmarkmið á bak við hina trúarlegu vídd fjölmenningsnáms. Þau snúi að grundvallaratriðum umburðarlyndis, gagnkvæmni og samborgaralegum viðhorfum (e. civic-mindedness). Á bak við þessi markmið sé að finna mikla breidd námslegra verkefna og aðferða.

5.1. Umburðarlyndi

Milot greinir tvenns konar umburðarlyndi, þ.e. skilja megi hugtakið í „veiku“ formi þess annars vegar og í „sterku“ formi þess hins vegar. Veika formið birtist í nokkurs konar „mér er alveg sama“ framkomu: Ég held mig í vissri fjarlægð frá þeim sem eru öðru vísi, skipti mér ekki af þeim enda mega þeir haga lífi sínu eins og þeir vilja. Sé þessi skilningur lagður í umburðarlyndi, segir Milot, að um nokkurs konar aðgerðalaus leið til friðar sé að ræða, en hún innihaldi ekki nauðsynlega virðingu fyrir hinu ólíka né hæfnina til að rökræða við þá sem eru manni ólíkir á opinberum vettvangi. Hvatinn á bak við slíka framkomu, þ.e. veikt umburðarlyndi sé fyrst og fremst sá segir Milot að þetta sé að stjórnvöld segi að fólk megi vera öðruvísi og því sé það þá samþykkt þannig.

Sterkara form umburðarlyndis hins vegar, heldur höfundar fram, feli í sér mun meira samþykki, meiri viðurkenningu á réttindum hins aðilans til að hafa sama frelsi og við, frelsi sem við höfum falið stjórnvöldum að veita þeim. Þetta feli í sér að við höfum öll þann rétt að okkar eigin sannfæring sé sönn, góð og gild fyrir okkur sjálf og að sannfæringar annarra séu sannar, góðar og gildar fyrir þá á sama hátt. Þetta þýði líka að við sjáum það ekki sem okkar hlutverk að dæma hugmyndir annarra um hvað felist í góðu lífi. Þessu formi umburðarlyndis verði ekki náð, bendir Milot á, nema með löngu, stigvaxandi lærdómsferli, sérstaklega þegar kemur að þætti trúarbragða sem byggja á hinn afdráttarlausu sannfæringu en ekki á einróma samfélagslegu samþykki sem megi breyta á hverjum tíma. Og Milot bætir við:

Children cannot learn tolerance in this strong sense unless they are exposed to points of view that differ from those they learn from their family or the religious group to which they belong. (Bls. 25.)

Milot nefnir tvö þrep innan þessa markmiðs. Fyrri þrepið segir hún snúa að skilning á eða vitund um að til sé fjöldi lífsviðhorfa. Það sé ekki bara sett fram til að auðga eigin menningu, heldur einnig til að hlúa að virðingu gagnvart öðrum. Þessi skilningur í þessu þrepi sé þó aðeins leið í áttina að umburðarlyndi en leiði ekki sjálfkrafa til þess. Hér verði að koma til þrep númer tvö. Í því þrepi felst lærdómurinn um að öllum beri að sýna sömu virðingu, engin ein lífsviðhorf séu réttþærri en önnur:

It is more importantly a matter of developing a respectful attitude towards others, enabling them to feel accepted as they are. It also involves learning to live without feeling under threat because of one's differences. The goal is to promote an ability to understand the point of view of people with different religious or philosophical convictions. (Bls. 25.)

Mikilvægt sé að einstaklingurinn upplifi ekki aðeins að það sé hans hlutverk að koma fram á slíkan hátt við aðra heldur enn fremur að óháð hans eigin lífsviðhorfum og trúarafstöðu sé komið eins fram við hann.

5.2. Gagnkvæmni

Hér nefnir höfundur til leiks þá félagsfærni sem snýr að gagnkvæmni, þ.e. að því siðferði sem býr í á bak við félagsleg tengsl og leggur grunninn að þeirri framkomu á milli fólks, að óháð uppruna, afstöðu til trúar eða lífsskoðunum sé komið eins fram við alla. Þessi gagnkvæmni feli ekki aðeins í sér að koma eins fram við aðra eins og maður vilji að aðrir komi fram við sig, heldur feli einnig í sér þá mikilvægu þekkingu að átta sig á til hvers maður geti ætlast af öðrum og hvar munurinn liggja á milli þess sem ætlast er til af öllum út frá t.d. landslögum annars vegar og hvenær gagnkvæmnin snúist um mismunandi lífsviðhorf. Undirbúningur fyrir þátttöku í umræðum á opinberum vettvangi við fólk með önnur lífsviðhorf hefjist þegar í leikskóla segir Milot:

While children are rarely expected to take part in public debate, readiness to do so is acquired through a slow process of education and socialisation. Indeed, this process begins at a very young age in the school yard, since, aside from the home, this is one of the first environments where acceptance of difference and respect for others need to be put into effect and where the

slightest deviation from the “norm” can so easily lead to a child becoming marginalised vis-à-vis other pupils. (Bls. 26.)

5.3. Samborgaraleg viðhorf

Milot hefur mál sitt hér með því að benda á að það hvernig við sem persónur komum fram við aðra sé lagt í mat samfélagsins. Við fáum viðbrögð við hegðun okkar og skoðunum, nokkuð sem hún kallar hér samborgaraleg viðhorf (e. civic-mindedness). En til þess að slík viðhorf nýtist okkur þurfum við að hafa tileinkað okkur þann hæfileika að taka rýni. Þetta verði sérstaklega brýnt þegar komi að trúarlegum viðhorfum:

the absolute nature of religious declarations can constitute an obstacle to respect for others and lead to unequal treatment of those who do not share those beliefs. (Bls. 27.)

Milot skiptir þessum undirkafla í tvennt. Í fyrri hlutanum talar hún um nokkuð sem hún kallar „to stand back” og á hún þá við þann hæfileika að geta horft á umræðu- eða viðfangsefnið út frá nýju sjónarhorni, sjónarhorni sem er fjarlæggt eigin trúarviðhorfum. En hún tekur fram að á engan hátt sé verið að fara fram á að viðkomandi afneiti eigin trúarviðhorfum. Í seinni hlutanum snýr hún sér hins vegar að því hvernig við orðum viðhorf okkar á almennum vettvangi og þá þannig að það gangi ekki í berhögg við þá virðingu sem okkur er ætlað að sýna hvort öðru í fjölmenningsamfélagi. Sem fyrr ítrekar hún mikilvægi þess hlutverks sem skólinn hefur:

Schools must seek to kindle mutual respect among young people so that everyone can live in accordance with their convictions while recognising that they have to set certain limits to the expression of those convictions in their relationships with other people. (Bls. 28.)

6. Hin trúarlega vídd og fjölhyggjusamfélagið

Í lokahluta þessa kafla um hina trúarlegu vídd og fjölhyggjusamfélagið, spyr Milot þeirrar spurningar hvort útvíkka megi þá umræðu sem hér hefur farið fram um hina trúarlegu vídd fjölmenningsnámsins á fjölhyggjusamfélagið allt. Og hún segir:

Given the complexity of today’s societies and the current models of church-state relationships shaped by national traditions, political and legal bodies have to adopt a progressive attitude towards religion which is itself evolving. Such an adaption to pluralism presupposes on the part of the democracies an ability to combine a conception of the cultural, historically discrete nation with a conception of the civic, multi-ethnic nation. (Bls. 29.)

Milot er ekki í vafa um að þessi umræða snúist um hvort við yfirleitt getum búið saman til lengri tíma. Þjóðfélagið verði að vera þannig uppbyggt að einstaklingarnir geti búið hlið við hlið og að trúarleg afstaða þeirra hafi ekki áhrif á réttarstöðu þeirra, gagnvart lögum séu þeir allir jafnir og engum mismunað. Þegar þessu skrefi sé náð sé hægt að setjast niður og ræða um sameiginleg gildi í þjóðfélaginu:

Common standards cannot be defined once and for all; rather they are the fruit of interaction and dialogue in a multicultural context. **Education has a fundamental role to play to ensure that intercultural understanding can foster harmonious co-existence and tolerance.** (Bls. 29. leturbr. pbb)

Fyrsti hluti, annar kafli

Undir yfirskriftinni *Trúarleg og menningarleg fjölbreytni: nokkrir lykilþættir* fjallar Robert Jackson ítarlega um hugtakanotkun í fjölmennningarlegu samhengi. Hann hvetur til rýni í það hvernig við notum hugtök og hvers vegna við notum þau eins og við gerum.

Í þessum kafla bókarinnar er tekinn sá póll í hæðina að ekki eigi að rannsaka trúarbrögð sem einangrað fyrirbæri, heldur í samhengi við aðra þætti samfélagsins eins og menningu, kynþátt og þjóðerni og í ljósi umræðunnar um fjölhyggjuna. Áskorunin felist hins vegar meðal annars í því að skilningurinn á hugtökunum sé í stöðugri þróun

1. Margbreytileiki

Jackson hefur fyrsta undirkaflann með því að minna á að öll evrópsk samfélög eru á einn eða annan hátt mótuð af fjölbreytni eða margbreytileika hvað trúarbrögð, gildi og menningu varðar. Hér beri fyrst að nefna segir hann hinn sýnilega margbreytileika í vestrænum samfélögum sem sé tilkominn vegna fólksflutninga eða í ákveðnum tilvikum vegna sérstöðu innfæddra hópa eins og í tilfalli Sama í Noregi. Ef horft sé til Bretlands megi sjá augljóst dæmi um margbreytileika samfélags sem hefur mótast af fólksflutningum en allt frá því uppúr 1950 hefur fólk frá til dæmis Suður Asíu og Austur Afríku flust til Bretlands og haldið sinni trú, til dæmis Íslam eða Hindú og þar með haft áhrif á margbreytileika samfélagsins. Hér vitnar Jackson í Skeie (1995)

sem lýsir slíkum marbreytileika sem hefðbundnum margbreytileika. En samkvæmt Skeie má einnig greina svonefndan nútíma margbreytileika sem Jackson segir endurspeglast af þeim veruleika vestrænna samfélaga að einstaklingurinn hafi kost á að velja gildi og hugmyndir frá fjölda uppspretta:

Individuals may reject religions and their claims, for example, and base their values on some form of non-religious philosophy such as secular humanism. Others might synthesise beliefs and values from religious and humanistic sources. (Bls. 32.)

Jackson telur mikilvægt að fram komi að nán tengsl eru á milli þess sem hér er kallað hefðbundinn margbreytileiki annars vegar og nútíma margbreytileiki hins vegar og að mörkin þar á milli séu mjög fljótandi.

2. Margbreytileiki og fjölhyggja

Jackson bendir á að sumir höfundar greini á milli margbreytileika (e. plurality) og fjölhyggju (e. pluralism) og segir:

Perhaps everyone can agree, in a descriptive sense, that there is plurality. However, the view that different individuals take on defining and interpreting that plurality represents their own particular views in the debate about pluralism. This way of looking at plurality and pluralism helps in the analysis of key concepts that relate to religion in society, such as culture, ethnicity and nationality. (Bls. 32.)

Og Jackson segir umræðuna einkennast af mikilli breydd. Greina megi á öðrum kantinum mjög þröng sjónarhorn þar sem beytt er lokuðum skilgreiningum og dregin upp mynd af trúarbrögðum sem einsleitu kerfi. Á hinum kantinum sé að finna mjög póstmóðernísk sjónarhorn sem telji sig hafa lokið afbyggingunni á trúarbrögðum og menningu og þannig tekist að sýna hvorutveggja sem gervikerfi sem aðeins sé ætlað að þjóna hagsmunum ákveðinna hópa. Á milli þessara tveggja öfgafullu viðhorfa megi svo greina fjölda mjög fjölbreyttra skoðanna. Af þessu dregur Jackson þá ályktun fyrir skólakerfið að:

The key educational task is to engage learners, over the years of schooling, in a critical analysis of how such ideas are used, both with regard to examples from religion, especially in relation to its social context, and in relation to their own experience. By participating in such discussions, students can learn about different stances on religion or culture, but can also examine their own and their peer's assumptions and gradually formulate and clarify their own views. This form of

education goes beyond simply giving information about different religions, and engages students in the democratic context of the school. Different positions within the debates can be used to clarify, challenge or illuminate different points of view, some of which may be suggested by students. Obviously, the precise content of studies that deal with these issues, and the methods used, will depend on the age and aptitude of children and young people and on other contextual factors. These include the particular history of religion and state in their own country, and the related pattern of civil religion within their own society. (Bls. 33.)

3. Staðalmyndir

Jackson minnr á að það sé grundvallaratriði þegar kemur að því að rýna í fjölbreytileikan í trúmálum í hinu margbreytilega samfélagi sem lýst er hér að framan að forðast staðalmyndir og gerir stutta grein fyrir sögu hugtaksins og merkingu þess í dag. Þá bendir hann á að eftirfarandi punktar séu settir fram svo forðast megi staðalmyndir hvað trúarbrögð, menningu, kynþátt og þjóðerni varðar.

4. Trúarbrögð

Jackson telur spurninguna *Hvað eru trúarbrögð* og það hvernig henni er svarað vera lykilatriði þegar kemur að kenningu í trúarbragðafræði. Og hann segir:

There are no straightforward answers to this question and, in addressing it as teachers or students, we enter a debate rather than find clear-cut solutions that everyone will agree upon. In relation to inter-cultural education and anti-racism, the question about the nature of religions is very important, since these fields aim to counter stereotyping of all kinds. (Bls. 34.)

Þrælíhaldssömustu skilgreiningarnar segir Jackson draga upp mynd af trúarbrögðum sem vel greinanlegt kerfi trúaratriða. Einstaklingar sem tilheyra ákveðnum trúarbrögðum er sagðir eiga sér safn trúaratriða og trúarathafna sem þeir deila með öðrum með sama bakgrunn. En slík skilgreining eigi sér annmarka segir hann því að ef horft sé á hópinn eða einstaklingana sem mynda hann en ekki trúarbrögðin sjálf þá breytist myndin, trúaratriðin og trúarathafnirnar séu mismikilvæg í augum þeirra. Þetta eigi við um allar gerðir trúarhópa. Auk þess bætist við sú staðreynd að margir af þessum einstaklingum hafi tileinkað sér trúaratriði eða trúarathafnir annars staðar frá eða jafnvel tekið upp nýja (eigin) túlkun á því sem fyrir var. Þessu til grundvallar segir Jackson sé hægt að leggja fjölda rannsókna sem mannfræðingar hafi gert og

ljóst sé að heimur trúarbragðanna sé mjög fjölbreyttur, allar tilraunir til að flokka hann á einfaldan hátt séu dæmdar til að mistakast.

Í þessu samhengi rifjar Jackson líka upp hvernig hugtökin sem ætlað er að lýsa ýmsum trúarbrögðum urðu til í mál vesturlandabúa sem gáfu trúarbrögðum Indverja nafnið Hindúismi og svo framvegis. Innan hinnar nýju fræðigreinar, samanburðartrúarbragðafræðanna, hefðu nöfnin verið tekin upp eitt af öðru og séu ráðandi enn þann dag í dag. Nokkuð sem Jackson telur að sé óheppilegt, umfangsmikil hugtök bjóði hættunni á staðalmyndum heim:

It is easy to assume that each religion has a set of fixed beliefs on which all insiders are expected to agree. Any study of religion in everyday life would reveal that this is not the case. From the point of view of teaching and learning about religious diversity, we need pedagogical models that resist stereotyping and allow for differences within religious traditions to be expressed and understood. [...]the interpretive approach portrays religions dynamically and encourages a flexible approach to learning that avoids stereotyping [...] Instead of representing religions simply as belief systems, this model portrays a “religion” in terms of dynamic relationship between individuals, the groups they identify with (sectarian, denominational, ethnic, cultural, etc.) and a broadly described religious tradition. This approach does not deny that there are religions, but reveals the diversity and complexity of religious traditions and the different ways in which the term “religion” is used. (Bls. 35.)

5. Menning í eintölu og fleirtölu

Jackson bendir á mikilvægi þess að spurt sé um skilning menningu eða menningarheim áður en eða þegar fjallað er um trúarbrögð. Hér greinir Jackson tvo öfgaheima hvað skilgreiningu á menningu varðar:

1. The idea of uniform, completely distinct cultures
2. Post-modern deconstructions of the idea of “a culture”, with any idea of continuous tradition being regarded as a “meta-narrative”, a distorted account invented in their own interests by those with power.

En segist sjá fjölmargar skilgreiningar þar á milli, meðal annars skilgreiningu Clifford Geertz annars vegar og skilgreiningar James Clifford og Edward Said hins vegar:

1. Cultures as internally diverse, but with cultural continuity maintained through inherited ideas, and expressed through particular symbols.
2. Cultures that are developed over time through internal / inter-generational conflict or negotiation.

Og Jackson kemst að þeirri niðurstöðu að annars vegar megi greina tilraunir til að skilgreina menningu sem ferli og hins vegar tilraunir til að greina menningu sem hlut.

6. Orðræða menningar

Jackson vitnar hér í Baumann (1999) sem greinir hvorutveggja starrar og sveigjanlegar nálganir vísindamanna í viðleitni sinni við að rannsaka þjóðerni, kynþætti, trúarbrögð og gagnkvæm tengsl þessara þátta í orðræðu menningar:

- **Dominant discourse** - hugmyndin um menningu er sett fram eins og hún sé fastmótaður, raunverulegur hlutur.
- **Demotic discourse** - hugmyndin um menningu er séð sem það sem gerist, er og verður þegar hópur fólks kemur saman, ræðir um hana, mótar hana og skapar í senn.

Menning getur þannig verið hvorutveggja, eign ákveðins kynþáttar eða trúarhóps til dæmis eða ferli sem byggir á ákvörðun einstaklinga og felur jafnvel í sér tilhliðranir á áður settum mærum menningarheima.

7. Fjölmennningarleg samfélög

Að mati Jacksons er hugtakið fjölmennning oft notað í mjög þröngum skilningi og þá sem lýsing á þeim aðstæðum þar sem margir menningarhópar, meirihluti og margir minnihlutahópar, búa hlið við hlið, hver með sinn menningarkima, í einu samfélagi. En rannsóknir hafi sýnt að þetta sé þvert á upplifun einstaklingana af daglegu lífi. Tilraunir til að sneiða hjá þessum skilgreiningarvanda með notkun hugtaksins þvermenningarleg (intercultural í stað multicultural) telur Jackson heldur ekki skila árangri, leika megi sér með það hugtak rétt eins og hugtakið fjölmennning.

Jackson vill sjá hvorutveggja í senn *dominant* og *demotic* nálgun á orðræðuna um fjölmeninguna:

Not only are the boundaries between groups unclear, but minority cultures, religions and ethnicities are themselves internally pluralistic, and the symbols and values of their various constituent groups are open to negotiation, contest and change. Moreover, individuals from any background may identify with values associated with a range of sources and may draw eclectically on a variety of resources in creating new culture. A young person might be a “skilled cultural navigator” (Ballard 1994) or display “multiple cultural competence” (Jackson and Nesbitt 1993). At the same time, in the context of groups, there will be those claiming a more bounded religious and cultural identity. Thus a multicultural society is not a patchwork of several fixed cultural identities, but “an elastic web of crosscutting and always mutually situational identifications” (Baumann 1999, p. 118). (Bls. 37-38.)

Hér leggur Jackson ríka áherslu á að ef byggja eigi slík samfélög og viðhalda þeim þurfi að koma til menntun sem leggur áherslu á vitundarvakningu varðandi samtal og samskipti þar sem horft sé á hvorutveggja, það sem hóparnir eigi sameiginlegt en ekki síður það sem aðgreini hópana. Ef því sé komið að þjálfist nemendur í fjölmeningarfærni.

8. Þjóðerni (e. Ethnicity)

Jackson er hér einnig hugleiðið enska hugtakið *ethnicity* og skyld orð og kvartar hann sáran undan ónákvæmri orðanotkun. Þannig geti verið að fólk sem er Hindúatrúar sé álitnið hafa indverskt ethnicity þó það hafi ekkert indversk nationality. Sem fyrr hefur Jackson áhyggjur af því að hugtakið sé notað of frjállega og valdi því að hópurinn sem því er „beitt gegn“ verði fyrir staðalmyndum rétt eins og þegar hugtökin menning og kynþáttur séu notuð of frjállega. Hann reifar ýmsar hugmyndir um skilgreiningar á hugtakinu sem ná allt frá því að skilgreina það mjög þröngt yfir í það að halda því fram að í raun sé þetta ekki til, blöndun á milli fólks sé þegar orðin svo mikil, enginn eigi lengur „hreinan“ uppruna.

9. Þjóðríkið og þjóðernið (e. nationality)

Á svipaðan hátt og Jackson hefur velt fyrir sér framangreindum hugtökum skoðar hann þröngan og víðan skilning á nationality og varar við einföldun í notkun hugtaksins. Um samskipti meirihluta hópsins, þ.e. þess hóps sem „á“ þjóðernið sem passar við viðkomandi þjóðríki og minnihluta hópanna segir hann:

it is crucial that members of different minorities need to be involved directly in the democratic processes of society. Different views as to how this goal might be achieved vary according to the degree to which religions, ethnic groups and cultures are regarded as internally homogeneous. Those taking a “closed” view (and they might be insiders as well as outsiders) tend to take the line that “representatives” can speak authoritatively on behalf of their constituencies, while those emphasising the varied and contested nature of groups look for a much wider range of activities through which many different individuals (including woman and children) can participate in dialogue and negotiation with others. (Bls. 41.)

10. Kynþáttur og kynþáttahyggja

Jackson telur mikilvægt að vel sé gætt að því hvaða skilningur sé lagður í hugtökin kynþáttur og kynþáttahyggja þegar kemur að kenndu um hina trúarlegu vídd fjölmenningar. Auk þess rifjar Jackson upp mikilvægi þess að allar stofnanir samfélagsins sem og einstaklingarnir gæti þess vel að kynþáttahyggja nái sér ekki á strik.

11. Baráttan gegn kynþáttahyggjunni, fjölmenningsarsamfélagið og þvermenningarleg menntun

Jackson bendir á þann sögulega bakgrunn að í baráttunni geng kynþáttahyggjunni hafi komið fram sú skoðun að fjölmenningsarsamfélagið fóstaði kynþáttahyggjuna. Slíkar skoðanir séu ekki lengur viðteknar, heldur sé litið á að fagleg uppbygging fjölmenningsarsamfélags og baráttan gegn kynþáttahyggjunni fari saman. Í þessu samhengi sé einnig gjarnan talað um þvermenningarlega menntun því hún leggi áherslu á innri samskiptin á milli menningarhópana, gangi þvert á þá alla.

Lokaorð Jackson eru þau að hann voni að lesandanum sé nú ljósara en áður mikilvægi þess að við séum meðvituð um hvort við séum að nota hugtökin í þröngum eða víðum skilningi og að við komum orðum að (ó)kostum þess og rýnum í hugtakanotkun á öllum tímum.

Lokaorð

Að sjálfsögðu hefur bókin að geyma fleira áhugavert heldur en það sem hér hefur verið tíundað og má þar á meðal nefna frásögn af samskiptum á milli Rómar og Tel Aviv (bls. 145) og norska frásögn um heimsóknir í kirkjur og aðra þjónustustaði trúarlífs (bls. 154). Þá ætti þriðji og fjórði hluti bókarinnar að nýtast vel öllum þeim sem hafa í hyggju að endurbæta uppbyggingu námsins hvað fjölmeningarfærni nemenda varðar og þá sér í lagi færni þeirra til þess að takast á við hina trúarlegu vídd fjölmeningarfærinnar.

Akureyrarakadéminni, í júní 2008

Pétur Björgvin Þorsteinsson

petur@glarkirkja.is

<http://pb.is> / <http://akureyrarakademian.is>

864 8451

MA nemi í Evrópufræðum við Háskólann á Bifröst
Djákni í Gleráarkirkju
Æskulýðspjálfari innan æskulýðsáætlunar ESB

ⁱ Keast, J. (ritstjóri). (2007). *Religious diversity and intercultural education: a reference book for schools*. Strasbourg Cedex: Council of Europe Publishing. [Nálgast má handrit af bókinni sem pdf-skjal á netinu.](#)

ⁱⁱ Vefur Evrópuráðsins er: <http://coe.int>

ⁱⁱⁱ Í nefndinni áttu sæti: César Bírzea (Rúmeníu), Robert Jackson og John Keast (Bretlandi), Heid Leganger-Krogstad (Noregi), Micheline Milot (Canada), Albert Raasch og Peter Schreiner (Þýskalandi) og Micheline Rey (Sviss) auk þess sem Villano Qiriazzi frá skrifstofu menntamála hjá Evrópuráðinu var starfsmaður nefndarinnar.

^{iv} http://www.coe.int/t/e/cultural_co-operation/education/Intercultural_education/Intro.asp